

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJARDARBÆR



Mótt.: - 1 SEPT. 2004

Mál nr.

210101Y10181001519

1.september 2004

Tilv. 512.9

Skipulagsstofnun  
Laugavegi 166  
105 Reykjavík

### Efni: Breyting á skilmálum "Hellnahraun – athafnasvæði 1. áfangi" í Hafnarfirði

Í samræmi við 3. mgr. 25. gr. Skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, sendist hér með Skipulagsstofnun til yfirferðar, breyting á skilmálum fyrir "Hellnahraun athafnasvæði 1. áfangi" í Hafnarfirði, hvað varðar leyfilega landnotkun á lóðinni Móhella 4.

#### Fyrir breytingu:

Í skipulagsskilmálum kafla 1.5.2 segir um landnotkun:

"Deiliskipulagið við Hellnahraun verður í flokki B2 og B3, samkvæmt hinu nýja flokkunarkerfi, til framtíðar. Starfsemi í flokki B2 gerir ráð fyrir léttum iðnaði og atvinnustarfsemi sem ekki hefur mengandi áhrif á umhverfi sitt.

Til starfsemi í flokki B2 má nefna ýmis konar verkstæði, framleiðsluðnað, endurvinnslu og prentþjónustu.

...  
Á svæðinu er í dag einnig allmikil starfsemi sem er flokki B3. Þessi flokkur gerir ráð fyrir þungaiðnaði sem getur haft neikvæð umhverfisáhrif í för með sér og er háður lögum og reglum um mengunarvarnir. Starfsemi í flokki B3 verður árfam á svæðinu með ákveðnum skilyrðum um endurbætur á lóðarfrágangi og umhverfi sínu, sbr. gildandi lóðarleigusamninga".

#### Eftir breytingu:

Við skilmálana bætist kafli


"3.9 Lóðir Móhella 4:

Á lóðinni er aðeins gert ráð fyrir geymsluhúsnaði og þjónustu við það. Að öðru leyti gilda skilmálar skv. 2.kafla."

Erindið var samþykkt í Skipulags- og byggingarráði Hafnarfjarðar 10. ágúst 2004 6g að málsmeðferð yrði í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga. Breytingin var til kynningar frá 16. ágúst 2004 – 16. september 2004. Skriflegt samþykki barst frá öllum aðilum sem fengu grenndarkynninguna. Enginn gerði athugasemd og taldist grenndarkynningu þar með lokið. Tillagan var samþykkt í bæjarstjórn Hafnarfjarðar 31.ágúst 2004.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðarbæjar lýsir því yfir að bætt verði sannanlegt tjón er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Þetta tilkynnist hér með.  
f.h. Skipulags- og byggingarráðs

  
Bjarki Johannesson, skipulags- og byggingarfulltrúi

#### Hjálagt:

Afrit af grenndarkynningu  
Skilmálar dags. ágúst 2004



Umhverfis- og tækniði  
SÍMI 585 5640 - BRÉFSÍMI 585 5609